


✉ Re: ósk um umsögn Seftjörn lóð 1

Búið til	25.8.2020 11:48:00
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	25.8.2020 11:47:59
Tilheyrir	 202007-0021 - Breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna skilgreiningar á núverandi fiskeldi við Seftjörn lóð 1 og deiliskipulagstillögu sama efnis

Efni

Re: ósk um umsögn Seftjörn lóð 1

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.8.2020 11:47:59	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202007-0021 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 15. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar, landbúnaðarlandi breytt í iðnaðarsvæði, og deiliskipulagstillögu fyrir fiskeldissvæði við Seftjörn í Vatnsfirði.

Eins og kemur fram í gögnum með framangreindu erindi hefur fiskeldi verið á umræddu svæði allt frá 1984. Svæðinu hefur því þegar verið raskað en aldrei hefur verið gengið frá að breyta m.a. aðalskipulagi í samræmi við starfsemi á svæðinu. Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við framangreindar tillögur en leggur áherslu á, þar sem um friðland er að ræða, að það sé skýrt í skilmálum að eingöngu sé um iðnaðarsvæði fyrir viðkomandi fiskeldi að ræða, að komið sé í veg fyrir frekari rask við ströndina/fjöruna en byggt er nú þegar mjög nálægt fjörunni, og að ekki sé um að ræða eldi með frjóum framandi tegundum af laxfiski. Ekki kemur fram hvaða tegundir eru notaðar í fiskeldinu. Mengunarvarnir þurfa að vara af bestu gerð, þ.m.t. þarf að koma í veg fyrir að fiskur sleppi til sjávar, og ef sótt er um um eldi með framandi tegundum þá telur Náttúrufræðistofnun það vera nýtt ferli og ástæða til að skoða sérstaklega hvort slíkt samræmist skilmálum friðlandsins og lögum um náttúruvernd og/eða lögum um vernd Breiðafjarðar.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



From: "Óskar Örn Gunnarsson" <oskar@landmotun.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "eftirlit@hevf.is" <eftirlit@hevf.is>; "breidafjörður@nsv.is" <breidafjörður@nsv.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>
CC: "elfar@vesturbyggd.is" <elfar@vesturbyggd.is>
Subject: ósk um umsögn Seftjörn lóð 1
Date: 15.7.2020 08:07:44

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi skipulagstillögur. Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar vegna skilgreiningar á núverandi fiskeldi við Seftjörn lóð 1 og deiliskipulagstillögu sama efnis. Í ljósi sumarleyfa er gefinn frestur til 24. ágúst.

M.kv.

Óskar Örn Gunnarsson
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)
